



## Indland á tímum Búdda

Á tímum Búdda skiptist Indland í mörg konungsríki og 16 konungsríki í Norður-Indlandi voru saman kölluð Mahajanapadas eða Konungsríkin miklu. Í einu af þessum ríkjum, Kosola, voru foreldrar Búdda kóngur og drottning. Kosola var staðsett rétt undir Himalayafjöllum, á landsvæði sem nú tilheyrir Nepal.



Á þessum tímum var hindúasiður ríkjandi á Indlandi en samkvæmt honum fæddist fólk inn í mismunandi stéttir. Fólk trúði því að það gæti ekki skipt um stétt í þessu lífi en að það sem það gerði í þessu lífi myndi hins vegar hafa áhrif á það í hvaða stétt það fæddist í næsta lífi. Stéttirnar voru fjórar og efstir og merkastir voru prestar og fræðimenn, næstir voru aðalsmenn og hermenn, því næst kaupmenn og bændur og neðstir voru þjónar og þrælar sem höfðu það hlutverk að þjóna hinum stéttunum. Auk þess var stór hópur manna sem tilheyrði ekki neinni stétt og voru þeir algjörlega réttindalausir og í raun útskúfaðir úr samfélaginu. Efstu stéttirnar nutu hins vegar mikilla forréttinda og voru taldar æðri þeim stéttum sem fyrir neðan voru.

**Himalayafjöllin** eru hæðsti fjallgarður heims og í þeim er t.d. hæðsti tindur heims Mount Everest. Himalayja nær yfir 6 lönd: Bútan, Kína, Indland, Nepal, Pakistan and Afganistan.

**Hindúasiður** er þriðji stærsti átrúnaður heims á eftir Kristni og Íslam.

**Stétt** er hópur manna sem hefur svipað stöðu í þjóðfélagskerfinu, t.d. vinnur svipaða vinnu, hefur svipaða lífshætti og fjárhagsafkomu.

**Aðalsfólk** er t.d konungar, prinsar, jarlar og greifar.

### Spurningar

1. Hvað voru konungsríkin 16 á Norður-Indlandi kölluð?
2. Hvaða land er nú þar sem áður var ríki foreldra Búdda?
3. Í hvaða stéttir skiptist fólk á Indlandi á þessum tímum?
4. Hvað trúði fólk að myndi gerast ef það væri gott og fylgdi reglum samfélagsins? En ef það væri sjálfsekt og bryti reglurnar?
5. Ef persóna í neðstu stéttinni (þrælar og þjónar) væri vond og sjálfsekt. Í hvaða stétt myndi hún fæðast í næsta lífi?